

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 19. desember 2022
UST202212-019/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 - 2029 og nýtt deiliskipulag - Ferðamannasvæði í Sandártungu í Þjórsárdal

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 2. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 - 2029 og nýju deiliskipulag fyrir ferðamannasvæði í Sandártungu í Þjórsárdal.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að svæði VP21, Reykholt við Þjórsárdalsveg, er fellt út og sett er inn nýtt svæði, VP26 við Selhöfða. Auk þess minnkar skógræktar- og landgræðslusvæðið SL17 um 27,2 ha.

Auk þess kemur fram að í deiliskipulaginu verði gert ráð fyrir allt að 3.000 m² þjónustumiðstöð við Selhöfða þar sem verður móttaka fyrir hótél og fjallaböð við Rauðukamba, upplýsingamiðstöð, hestaleiga, gestastofa, veitingastaður og ýmislegt fleira. Tillagan gerir ráð fyrir allt að 50 smáhýsum á stærðarbilinu 20 - 60 m² eða samtals 2000 m². Tillagan gerir ráð fyrir 6.700 m² svæði á tjaldflötum fyrir almenn tjöld og 13.500 m² á tjaldflötum fyrir ferðavagna. Tjaldsvæðið tekur þannig við um 140 tjöldum og um 135 ferðavögnum. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir bílastæðum fyrir þjónustumiðstöð, tjaldsvæðið og smáhýsi, aðstöðuhúsi tjaldsvæðis, göngustígum, reiðstígum, hestagerðum, leik- og dvalarsvæðum og nýjum aðkomuvegum.

Verslunarsvæði

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að svæði VP21 sé fellt úr skipulagi, en þar var gert ráð fyrir bílastæðum og þjónustu sem myndi hafa neikvæð áhrif á gervigíga, ásynd og landslag.

Ásynd og skógrækt

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar og landgræðslu þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði, eins og hefur verið gert, heldur verði fylgt fornum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna

landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Ásýnd

Tillagan er töluvert umfangsmikil að mati stofnunarinnar en Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt sé að fella byggingar að landslagi eins og hægt er, t.d. með vali á byggingarefnum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þjónustuhús sé staðsett með tilliti til ásýndar.

Einnig bendir stofnunin á að fullt tjaldsvæði með tjöldum og húsbílum og fullt bílastæði við þjónustubyggingu munu hafa áhrif á ásýnd og því mikilvægt að skerma svæðin af eins og kostur er með birki til að milda áhrifin.

Birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er náttúrulegur birkiskógur samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar. Stofnunin bendir á markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt sem eru að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.

Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Að auki bendir stofnunin á að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar falla undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé mið af ofangreindum lögum og markmiðum þeirra við gerð tillögunnar.

Gönguleiðir

Í greinargerð kemur fram að göngustígar geta verið malarbornir eða með bundnu slitlagi/malbiki. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að lögð sé áhersla á að við gerð göngustíga sé notað náttúrulegt yfirborðsefni.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur